



Aðgengi að Lakagígum

Vegurinn inn að Laka liggur frá Þjóðvegi 1 við Hunkubakka. Þetta er fjallvegur og á leiðinni þarf að fara yfir dragár sem geta vaxið í miklum rigningum og orðið varhugaverðar.

Þegar komið er undir Galta greinist vegurinn inn að Laka og út að Blágiljum. Vegur, sem kallaður er Lakahringur, liggur frá Þjóðveginum að Laka meðfram vestari hluta Lakagíga og til baka að Skaftá og Blágiljum. Vegurinn er sæmlega fær frá Þjóðvegi að Tjarnargíg en vestari helmingurinn, frá Tjarnargíg að Blágiljum, er illfær jeppaslóð.

Á svæðinu er nokkuð um jeppaslóða en flestum hefur verið lokað með staurum og reipum. Hér eins og annars staðar er ekki leyfilegt að aka utan vega og ferðamenn eru beðnir að virða þessar merkingar enda liggur mikið við að skemma ekki svæðið.

Fríðlysta svæðið er opið ferðamönnum allan ársins hring en það ræðst af veðurfari hvenær vegurinn innftir er fær. Í miklum leysingum er að sjálfsgöðu ófært og þá eru vegir lokaðir, en venjulega er opið frá miðjum júní og langt fram eftir hausti.



Rútuferðir

Daglega, frá 1. júlí–31. ágúst, eru rútuferðir á vegum Austurleiðar að Laka. Frá Þjóðgarðinum í Skaftafelli er farið kl. 8.00 og kl. 9.00 frá Kirkjubæjarklaustri. Úr Lakagígum er farið kl. 16.00. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 545 1717. Netfangið er www.austurleid.is.

Umferð hestamanna um náttúruvættið

Engar merktar reidleiðir eru um svæðið. Rekstur hrossa í lausagöngu er óleyfilegur um náttúruvættið en leyfilegt er að vera með hesta í taumi á vegum.

Gisting á svæðinu

Óleyfilegt er að tjalda innan marka náttúruvættisins en að Blágiljum er um 40 mínútna akstur og þar er gott að tjalda enda eru þar grónar grasflatar, lindarvatn og kamar.

Í Blágiljum og Hrossatungum eru gangnamannaskálar og þar geta ferðamenn gist gegn gjaldi. Starfsfólk á hreppsskrifstofu Skaftárhrepps sér um að bóka í skálana. Við þessa skála er aðstaða fyrir hestamenn og vert er að benda hestamönnum á að þeir verða að flytja með sér hey.

Umgengni

Lakagígur eru afar viðkvæmir fyrir umgengni. Litrikt gjallið er mjög laust í sér og molnar við minnstu snertingu og traðk. Mosavaxnar hlíðar gíganna eru því afar viðkvæmar fyrir umgangi og hvert skref markar ævarandi fót í mosann. Því biðjum við þig, ágæti ferðamaður, að fylgja merktum gönguleiðum – þannig verndar þú svæðið best!

Fróðleiksmoli:

Í Skaftáreldum fóru um 120 milljónir tonna af SO₂ út í andrúmsloftið á fimm mánuðum. Þar af þeytti gosið tæplega 100 milljónum tonna upp í neðsta hluta heiðhvolfsins (10–15 km hæð). Þar blandaðist brennisteinstvisýringur (SO₂) vatnsgufu (H₂O) og myndaði um 200 milljónir tonna af brennisteinssýrugufu (H₂SO₄) sem dreifðist sem móða með háloftavindum um gjörvallt norðurhvel sumarið og haustið 1783.

Gönguleiðir

Fimm merktir göngustígar eru innan náttúruvættisins. Mikilvægt er að ferðafólk gangi aðeins eftir merktum gönguleiðum, þær eru ólíkar og gefa góða mynd af fjölbreytileika svæðisins.

Rauð gönguleið (1 klst.) liggur upp á Laka (818 m.y.s) sem rís um 200 metra yfir næsta umhverfi. Laki stendur í miðri gígaröðinni. Í Skaftáreldum opnuðust gossprungurnar í hlíðum Laka og fjallið rifnaði við eldsumbrotin. Þessar sprungur eru greinilegar, bæði í vestur- og norðurhlíðum fjallsins. Af fjallinu er stórkostlegt útsýni yfir gígaröðina til suðvesturs að fjallinu Hnúta og norðausturs alla leið þar sem hún endar við rætur Vatnajökuls.

Gul gönguleið (2–3 klst.) í kringum Laka. Leiðin liggur meðfram fjallsrótunum og á nokkrum stöðum út í hraunjaðarinn. Gígaröðin í norðaustur sést vel og líka hvernig gosið hefur brotið sér leið upp á yfirborðið í hlíðum fjallsins. Þar skynjar maður vel hversu ólík jarðefnin eru, annars vegar í hinu gamla möbergsfjalli Laka og hins vegar í aðeins 200 ára gömlu mosavaxnu hrauninu úr Lakagígum.

Blá gönguleið (20 mín.) liggur frá rótum Laka ofan í gígaröð sem braut sér leið upp í hlíðar Laka. Þarna sést hvernig jörðin hefur opnast og gígarnir myndast.



Hvít gönguleið (20 mín.) liggur inn í gíg suðvestan við Laka. Frá gígbarminum sést vel yfir gígaröðina í suðvestur. Ofan í gígnum er hellisskúti og einhvern tímann var hann tengdur helli sem liggur undir veginum. Þetta er því samfallin hraunrás frá gígnum.

Tjarnargígur – Eldborgarvegur (2 klst.) liggur frá bílastæði inn í Tjarnargíg og frá botni hans eftir hrauntröðum sem liggja utan um stórt gígasvæði og inn í annan tilkomumikinn gíg. Þaðan er gengið sömu leið til baka út úr gígnum, inn á veginn og að bílastæðinu. Þessi gönguleið er fjölbreytt og þar sjást helstu mosatægundir, fléttur og háplöntur á svæðinu. Gangan er létt.

